

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr. 319

mars 2020

Lionsþingi 2020 frestað



We Serve

Mars 2020. Blað nr. 319
THE LION IN ICELANDIC
Fjölumðæmi 109

Opinbert málagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: Dönsku, ensku, farsí, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi LION á íslensku:

FJÖLUMDÆMI 109

Tímariðið Lion kemur út sex sinnum á ári, fjögur prentuð blöð en tvö aðeins í netútgáfu. Öll blöð eru gefin út í netútgáfu.

Lionskrifstofan, Hlíðasmári 14, 201 Kópavogur er opin alla virka daga frá kl. 09.00 til 14.00

Sími: 561 3122, Fax: 561 5122

e-mail / netfang: lions@lions.is

Heimasíða Lions: lions.is

Skrifstofustjóri: Kolfína Guðmundsdóttir



FJÖLUMDÆMISRÁÐ FJÖLUMDÆMIS 109 Starfsárið 2019-2020

Fjölumðæmisstjóri: Ellert Eggertsson,

Lkl. Hafnarfjarðar

Umdæmisstjóri 109A: Jóhanna

Thorsteinsson, Lkl. Eir

Umdæmisstjóri 109B: Bragi

Ragnarsson, Lkl. Mosfellsbæjar

Fjölumðæmisritari: Guðmundur

Helgi Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn

Fjölumðæmisgjaldkeri: Stefán

Árnason, Lkl. Vitaðsgjafi

Fráfarandi fjölumðæmisstjóri: Björg

Bára Halldórsd., Lkl. Rán

Vara fjölumðæmisstjóri: Björn

Guðmundsson, Lkl. Hængur

Protokol- og þingsstjóri: Kristinn

Hannesson, Lkl. Mosfellsbæjar

Alþjóðasamskiptastjóri: Árni Viðar

Fríðriksson, Lkl. Hængur

Kynningarstjóri: Björn

Guðmundsson, Lkl. Hængur

Umhverfisstjóri: Halldór Runólfsson,

Lkl. Fjörgyn

Ritstjóri Lion og heimasíðu: Þorkell

Cýrsson, Lkl. Búðardals

Netstjóri: Sigurður Steingrímsson,

Lkl. Vitaðsgjafi

GLT stjóri (menntun og

leiðtogaþjálfun): Halldór

Kristjánsson,

Lkl. Ásbirni

GMT stjóri: (útbreiðsla og fjölgun):

Jón Gröndal, Lkl. Njörður

GMT/konur í Lions: Hrund

Hjaltadóttir, Lkl. Fold

GST stjóri: (verkefni) Pálmi

Hannesson, Lkl. Garði

NSR-AU nefndarmaður: Jón

Pálmason, Lkl. Víðarr

Lestraráttakstjóri: Dagný S.

Finnsdóttir, Lkl. Úa

Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni

Þorsteinsson fyrrv.

alþjóðastjórnarmaður, Lkl.

Mosfellsbæjar

Hjálparstjórnstjóri: Hörður

Sigurjónsson, Lkl. Njörður

Ungmennaskiptastjóri: Brynja Vigdís

Þorsteinsdóttir, Lkl. Æsa

Laganefnd (form.): Gissur Júní

Kristjánsson, Lkl. Hafnarfjarðar

LCIF stjóri: Kristinn Hannesson, Lkl.

Mosfellsbæjar

Lions Quest stjóri: Hrund

Hjaltadóttir, Lkl. Fold

MedicAlert stjóri: Laufey

Jóhannsdóttir, Lkl. Eik

Menningarstjóri: Jóhanna

Valdemarsdóttir, Lkl. Kaldá

Formaður Kjaransordunefndar. Björg

Bára Halldórsd., Lkl. Rán

Skóðunarmaður (aðal): Þorleifur

Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.

Skóðunarmaður (aðal): Benjamín

Jósefsson, Lkl. Akranesi

Skóðunarmaður (vara): Halldóra J.

Ingibergsdóttir, Lkl. Eik

Skóðunarmaður (vara): Kristín

Þorfinnsdóttir, Lkl. Embla

Varaumdæmisstjóri 109A: Jónas Yngvi

Ásgrímsson, Lkl. Dynkur

Fjölumðæmisstjórn:



Ellert Eggertsson,
fjölumðæmisstjóri. Ellert
er félagi í Lionsklúbbi
Hafnarfjarðar. Ef þú þarft
að hafa samband við hann
þá er netfang hans:
ellerte@gmail.com



Jóhanna Thorsteinsson,
umdæmisstjóri 109 A.
Jóhanna er félagi í Lions-
klúbbum Eir. Ef þú þarft
að hafa samband við hana
þá er netfang hennar:
johanna@virgin.is



Bragi Ragnarsson,
umdæmisstjóri 109 B. Bragi
er félagi í Lionsklúbbi
Mosfellsbæjar. Ef þú þarft
að hafa samband við hann
þá er netfang hans: br@brimhf.is

Varaumdæmisstjóri 109B: Guðjón

Andri Gylfason, Lkl. Hængur

Varaumdæmisstjóri (annar) 109A:

Þóra Bjarney Guðmundsdóttir, Lkl.

Eir

Varaumdæmisstjóri (annar) 109B:

Anna Fr. Blöndal, Lkl. Ylfa

Judge Christopher Shea Nickell,

United States;

Sampath Ranganathan, India;

Marciano Silvestre, Brazil;

Masafumi Watanabe, Japan;

Guo-jun Zhang, China.

Second Year Directors:

Muhammad Adrees, Pakistan;

Qazi Akram Uddin Ahmed,

Bangladesh;

Shoichi Anzawa, Japan;

Billy J. (B.J.) Blankenship, United

States;

Gary F. Brown, United States;

Rodolfo Espinal, Dominican

Republic;

Liao-Chuan Huang, MD 300 Taiwan;

Jongseok Kim, Korea;

Dr. Nawal Jugalkishor Malu, India;

Geoffrey Leeder, England;

Mark S. Lyon, United States;

Heimo Potinkara, Finland;

JP Singh, India;

Steve Thornton, United States;

Justwan Tjoe, Indonesia;

A. Geoffrey Wade, United States;

Dr. Walter Zemrosser, Austria

Upplag: Netútgáfa

Umbrot: Litlaprent ehf.

Forsíðumynd: Fjölumðæmisþingi

frestað – af heimsíðu lions.is

First Year Directors:

Michael D. Banks, United States;

Robert Block, United States;

Kyu-Dong Choi, Korea;

Larry L. Edwards, United States;

Justin K. Faber, United States;

Allan J. Hunt, Canada;

Daniel Isenrich, Germany;

Bent Ipersen, Denmark;

Masayuki Kawashima, Japan;

Dr. Jose A. Marrero, Puerto Rico;

Nicole Miquel-Belaud, France;

VP Nandakumar, India;

First Year Directors:

Michael D. Banks, United States;

Robert Block, United States;

Kyu-Dong Choi, Korea;

Larry L. Edwards, United States;

Justin K. Faber, United States;

Allan J. Hunt, Canada;

Daniel Isenrich, Germany;

Bent Ipersen, Denmark;

Masayuki Kawashima, Japan;

Dr. Jose A. Marrero, Puerto Rico;

Nicole Miquel-Belaud, France;

VP Nandakumar, India;



Ritstjórnargrein

Komið sælir ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur. Þá er fimmta tölublað starfsársins komið út sem er netblað.

Nýtt almanaksár heilsaði okkur með vöndum og vályndum veðrum eins og ég sagði í síðustu ritstjórnargrein minni. Nú er það ekki veðrið sem er að hrella landsins lýð þegar þetta er skrifað. COVID-19 veiran hefur gert það að verkum að samkomubann hefur verið sett á Íslandi og hefur það gríðarleg áhrif á starfsemi okkar. Margir klúbbar hafa aflýst fundum vegna þessa eða tekið tæknina í lið með sér og streymt fundunum út til félaga. Það verður t.d. raunin með umdæma- og fjölumðæmisfundinn sem verður 28. mars nk. Þetta er þó ekki það eina sem þessi vírus er að gera okkur því ákveðið hefur verið að fresta lionsþinginu okkar sem var áætlað að hafa í apríl næstkomandi og verður ákveðið síðar hvornig við getum klárað þau mál sem verður að taka fyrir á þingi. Hér er ekki allt upptalið því alþjóðþingi Lions sem átti að vera í Singapore í sumar hefur líka verið aflýst. Þetta allt hlýtur að segja okkur að þessi COVID-19 vírus er skaðlegur gestur sem getur haft afar slæmar afleiðingar ef ekki er farið varlega í kringum hann og allt gert til þess að reyna að forðast smit.

Að lokum þakka ég öllum þeim sem komu að útgáfu þessa blaðs og minni á fundi umdæmisstjórna og fjölumðæmis sem verður 28. mars næstkomandi og verður kynnt fyrir okkur hvornig við getum tekið þátt í honum á streymisveitum.

Ég vona allir fari varlega á þessum tímum og vona að við komumst öll frá þessum vágæsti sem herjar nú á landið okkar. Gangi okkur öllum vel.

Netfang Lionsblaðsins er: lbl@simnet.is

Með lionskvæðu, Þorkell Cýrsson ritstjóri

Við erum Verndararnir

Pistill Alþjóðaforseta



Jörðin iðar af lífi. Það sem furðar mig alltaf mest, eru tengingarnar á öllu þessu lífi. Frá sveppum til stórra kattardýra, þá er ekkert sem hefur ekki ákveðið hlutverk til að viðhalda viðkvæmu jafnvægi milli tegundanna.

Mannfólkið með allan sinn æðibunugang, geta ekki lifað hér einir. Við þörfnumst vina okkar úr dýraríkinu. Fyrir utan ákveðna hluti eins og að krydda matinn okkar, þá þörfnumst við allra dýranna í heiminum til að fullkomna myndina.

Hvernig væri morgungangan ef enginn fuglasöngur væri í trjánum? Sannarlega væri hafið tómlegt ef engir hvalir syntu um víða veröld. Og hvernig væru grassléttarnar á sumrin án þess að heyra lágvært skordýrasuðið?

Samt áætla vísindamenn að við séum að missa um það bil 100.000 tegundir á ári.

Sem manneskjur, þá erum við þjónar jarðarinnar. Og hvers konar þjónusta er það

við jörðina, ef við erum ekki fær um að vernda alla sem þar búa?

Ég skora á lionsfélagana til að nota sína sérstöku eiginleika-sem Ljón og menn-til að berjast fyrir, ekki bara okkar tegundum, heldur öllum tegundum.

Ykkar einlægur

Dr. Jung-Jul Choi

Alþjóðaforseti Lionsshreyfingarinnar

Þýðing: Geir Hauksson



Lionsklúbbur Seltjarnarness



Nýr fundarhamar. Á lionsfundi 11. febrúar síðastliðinn afhendi Hannes Halldórsson félagi okkar í klúbbnum nýjan fundarhamar af gjöf sem hann hafði smíðað sjálfur, hamarinn er settur saman af Búrhvalstönn og skeftið er úr Íbenholt viði, þetta er mjög flottur gripur og var Hannesi þakkað vel fyrir, á myndinn er Bragi Ólafsson formaður að taka við gripnum úr hendi Hannesar. Gamli fundarhamarinn glataðist fyrir einhverjum mánuðum

Jón Páll Ásgeirsson

Lionsklúbb Seltjarnar



Skilafrestur á efni í næsta blað er 15. maí

Fjölumdæmisstjóri MD 109

Ellert Eggertsson

Fjölumdæmisstjóri MD109



Fjölumdæmisstjórn ákvað að kaupa ljósaskilti til að setja fyrir utan skrifstofu Lions í Hlíðasmára 14. Skiltin voru keypt af Merking ehf og sjást þau mjög vel frá hringbrúnni fyrir

ofan Reykjanesbrautina og víðar. Þetta er góð auglýsing fyrir Lions og Medic Alert. Nokkrir vegfarendur hafa nú þegar komið inn á skrifstofuna til að spyrjast fyrir um Medic Alert.

Eins var töluvert kvartað yfir slæmri lýsingu við innganginn og munu skiltin bæta lýsinguna mikið.



Heiðursjóður Guðrúnar Bjartar

Á síðasta landsþingi var reglum um Íslenska hjálparsjóðinn breytt og hann nefndur Heiðursjóður Guðrúnar Bjartar, til heiðurs Guðrúnu BjörtYngvadóttir alþjóðaforseta Lions 2018-2019.

Hjálparsjóður Lions var stofnaður árið 1995 en þá voru ýmsir sjóðir innan Lions hreyfingarinnar sameinaðir í einn sjóð og er tilgangur sjóðsins að veita neyðaraðstoð ef skjótt á að bregðast við í nafni Lions hreyfingarinnar á Íslandi vegna náttúruhamfara og eins styrkir sjóðurinn einnig innlend og alþjóðleg verkefni. Fyrir utan það fé sem var lagt til LCIF í nafni Guðrúnar, þá hefur ekkert verið úthlutað í langan tíma úr sjóðnum.

Upphaflegt stofnfé sjóðsins var 2.500.000,00 kr og var sala á minningarkortum Lions aðalfjáröflun sjóðsins til að byrja með. Árið 2013 var Kjaransorðan stofnuð og rennur gjald það sem klúbbarnar greiða vegna veitingu orðunnar óskipt í Hjálparsjóðinn. Upphaflegt gjald vegna orðuveitingarinnar var 50.000,00 kr. síðan var

hún hækkuð í 60.000,00 kr og á síðasta þingi í 120.000 kr eða jafnvirði 1000 usd eftir gengi hverju sinni.

Í gegnum tíðina hefur sjóðurinn styrkt margvísleg málefni, svo sem Hjartaheill vegna kaupa á hjartaþræðingartæki, rústabjörgunarsveit Landsbjargar, Færeyjar söfnun og hjálparstofnun kirkjunnar vegna tækjakaupa fyrir Landspítalann. Hinsvegar situr eftir sú staðreynd að sjóðurinn er ekki nægilega öflugur ef náttúru hamfarir dynja yfir.

Í ár höfum við hafið sölu á Kjaransmerkjunum og eru þau fánleg í Gull, silfri og brons útgáfu. Lions hefur ávallt ýtt undir að klúbbar verðlauni félaga sína, félaga sem hafa á einhvern hátt skarað fram úr eða fyrir vel unnin störf á starfsárinu. Kaup á Kjaransmerkjunum eru tilvalin leið til að verðlauna félagana fyrir góð störf og ættu að vera hvetjandi fyrir alla lionsfélaga til að gera aðeins betur í dag, en við gerðum í gær.

Góðir lionsfélagar, við þurfum að hefja

sjóðinn aftur til vegs og virðingar svo hann geti sinnt hlutverki sínu eins og upphaflega var ætlast til. Ég treysti á að stjórnir og verkefna/líknarsjóðir klubbana sýni stuðning sinn í verki með því að styrkja sjóðinn með framlögum og/eða kaup á Kjaransorðunni og Kjaransmerkjunum.

Mín skoðun er að sjóðurinn eigi að fara meira inn á aðstoð við klúbba, koma til dæmis með mót framlög við kaup á tækjum eða styrkja verðug verkefni sem minni klúbbar ráða illa við. En til þess að þetta geti gerst þá verðum við að hlúa betur að sjóðnum og skapa honum meiri tekjur.

Ellert Eggertsson

Fjölumdæmisstjóri MD109

Björgum börnum frá mislingum

Guiding Lion – Leiðarljón

Jóhanna Thorsteinsson

Umdæmisstjóri 109 A



Á fjöllumdæmisstjórnarfundinum í nóvember var kynnt verkefnið „Guiding Lion – Leiðarljón“. Einhverra hluta vegna var þátttaka í fundinum óvenju dræm, en engu að síður var þetta verkefni kynnt og voru margir áhugasamir um það.

Nú er það svo að hlutverk leiðarljónsins er að vera til halds og trausts fyrir þá klúbba sem óska eftir aðstoð og leiðsögn til að ná bættum árangri og hjálp við að finna úrræði til að endurnýja klúbba sem eru að eldast, sem og vera nýjum klúbbum til halds og trausts.

Við höfum ekki stofnað marga nýja klúbba undanfarin ár og vandi okkar lionsfólks fer vaxandi vegna hás lífaldurs í mörgum klúbbum og lítillar sem engrar endurnýjunar. Það veitir því ekki af að mennta okkur sem sitjum í umdæmisstjórnunum að leggja þessum klúbbum lið!

Sú ánægjulega frétt barst okkur að verið

væri að stofna nýjan klubb í Keflavík, en þar eru lionessurnar að flytja sig yfir í fullgilda lionsmenn (konur eru líka menn). Við þurfum að leggja þeim til tvö leiðarljón til að hjálpa þeim „yfir brúna“.

Ég hvet því alla til þess bæra lionsfélaga að drífa sig í að taka þátt í þessu verkefni. Allt sem þarf að gera er að fara inn á vefsíðuna www.lionsclubs.org og leita að Guiding Lion. Slóðin er: https://cdn2.webdamdb.com/md_6GBmNL47BbA0.jpg.pdf?v=3

Við þurfum ekki einu sinni að skrá okkur inn á síðuna! Þar er að finna verkefnabók sem við lesum yfir, svörum nokkrum spurningum, og sendum svo verkefnið á netfangið sem er gefið upp í þessari handbók.

Og einmitt núna er upplagt tækifæri, þegar fjöldi fólks situr í sóttkví eða einangrun vegna Covid19 veirunnar! Gangi okkur öllum vel.

Lionsþingi 2020 í Hafnarfirði frestað

Engum hefur dulist þær breyttu aðstæður sem eru á Íslandi og í heiminum öllum nú um stundir vegna COVID-19. Margt bendir til þess að veikin verði í hámarki hér um miðjan apríl mánuð en fari svo minnkandi þegar frá líður þó að um allar dagsetningar ríki mikil óvissa um þessar mundir.

Að loknu áhættumati sem hefur verið gert í samráði þingnefndar og fjöllumdæmisstjórnar er það niðurstaðan að ekki sé forsvaranlegt að halda Lionsþingi í Hafnarfirði dagana 24.-25. apríl næstkomandi.

Því er hér með tilkynnt að Lionsþingi verður frestað um ótiltekinn tíma vegna þess ástands sem ríkir í heiminum. Þegar aðstæður breytast mun yfirstjórn Lions verða í sambandi við ykkur á ný til

að upplýsa nánur um með hvaða hætti verkefni þingsins verða leyst.

Lionsfélögum, sem pantað hafa herbergi á Hótel Norðurey og Hótel Víking vegna þingsins, er bent á að þeir þurfa að afbóka herbergin sjálfir.

Óskum þér og öllum félögum þínum alls hins besta.

Fyrir hönd þingnefndar og fjöllumdæmis,
Ellert Eggertsson, fjöllumdæmisstjóri
Halldór Kristjánsson, þingstjóri Lionsþings í Hafnarfirði

Alþjóðþing Lions International í Singapore 2020

Ákveðið hefur verið að aflýsa Alþjóðþinginu í Singapore sem átti að vera í lok júní 2020 vegna COVID-19. Auðlýst verður síðar hvernig þingstörfum verður háttað því mörg mál sem liggja fyrir því þingi þarf að afgreiða.

Porkell Cýrusson ritstjóri



LCIF – Hvað get ég gert?



Í **Campaign 100**, alþjóðlegu söfnunaráttaki Alþjóðahjálpar-sjóðsins, *Lions Clubs International Foundation* er stefnt að því að safna 300 milljón dollurum á „þrem árum“. Innan gæsalappa því raunverulega telja öll framlög frá 1. júlí 2017 til 30. júní 2021 með í

söfnuninni. Auk þess geta klúbbar sem skuldbinda sig til að greiða ákveðna upphæð fengið frest til 30. júní 2022 til að ljúka við þær skuldbindingar.



Flest erum við að styrkja allskonar líknarfélög, ýmist með föstum mánaðarlegum framlögum, kaupum á happdrættismiðum og með fjölmörgum öðrum leiðum.

Í áttakinu er lögð talsverð áhersla á að almennir lionsfélagar láti ekki sitt eftir liggja bæði hvað varðar hvatningu og einnig með persónulegum framlögum, sem hérlendis er frekar sjaldgæft.

Af hverju styrkjum við ekki okkar eigin hjálparsjóð?

- Sjóð sem vinnur að líknarmálefnum um allan heim í okkar nafni.
- Sjóð sem Alþjóðaheilbrigðisstofnunin segir að þakka megi þann árangur sem náðst hefur í baráttunni gegn blindu.
- Sjóð sem er fremstur að öllum í bólusetningu gegn mislingum.
- Sjóð sem oftast er ekki fyrstur á staðinn með neyðarhjálp vegna náttúruhamfara.
- Sjóð sem setur hverja einustu inn komna krónu í líknarverkefni. Ekkert af söfnunarfé fer í stjórnunar- eða rekstarkostnað.
- Sjóð sem þrisvar sinnum hefur verið tilnefndur til friðarverðlauna Nobels.
- Sjóð sem Financial Times hefur þrisvar sinnum valið besta óháða alþjóðlega hjálparsjóð heimsins.
- Sjóð sem Charity Navigator hefur sjö síðustu árin gefið hæstu einkunn fyrir gegnsæi, góðan rekstur og árangur.

Gamla máltækið „Margt smátt gerir eitt stórt“

Það þarf ekki svo ýkja mikið til að láta gott af sér leiða í gegnum LCIF. Nokkrir íslenskir félagar eru að styrkja sjóðinn með mánaðarlegum framlögum á bilinu 10 – 100 dollara. Auk þess eru nokkrir félagar að styrkja sjóðinn með einu framlagi á ári.

Við spyrjum okkur kannski hvort 10 dollarar á mánuði skipti einhverju máli. Svárið er einfalt. Fyrir 10 dollara er hægt að bólusetja 10 börn gegn mislingum og þannig bjarga þeim frá alvarlegum veikindum eð jafnvel ótímabæru andláti. Ef það er svo mánaðarlegt framlag í eitt ár margfaldast árangurinn.



Hverju geta 100 dollarar áorkað.

- Sjónvernd, útvegað 2 aðgerðir við ský á auga.
- Ungmennamálefni, útvegað Lions Quest kennslu efnið fyrir heilan árgang í skóla.
- Sykursýki, útvegað blóðsykursmælingu fyrir 200 manns.
- Mislingar, útvegað bólusetningu gegn mislingum fyrir 100 börn.
- Náttúruhamfarir, útvegað neyðarbúnað fyrir 4 einstaklinga vegna náttúruhamfara.
- Umhverfisvernd, útvegað vatnsbrunn með hreinu vatni til frambúðar fyrir lítið þorp.
- Krabbamein barna, útvegað búnað til að greina krabbamein hjá börnum.
- Hungur, útvegað mat fyrir 14 einstaklinga í 7 daga.

Þetta eru aðeins nokkuð dæmi um það sem hægt er að gera og það væri auðvitað hægt að nefna margt fleira.

Styrktarfélagi

Nú er orðið mun auðveldara að gerast mánaðarlegur styrktaraðili LCIF á vefsíðunni <https://www.lcif.org/EN/support-our-work/members-donate.php>

Þar sem hægt er að velja ákveðna upphæð og láta draga af kreditkortinu sínu mánaðarlega.

Finnig eru í boði sérstök styrktarmerki „Lions Share Supporter“.

50\$ ein stjarna, 100\$ tvær stjörnur og 200\$ fyrir þrjár stjörnur.

Merkin eru með ártali og hafa þannig söfnunargildi.



Verum með

Mest um vert er að sem flestir taki þátt og geri eins vel og þeir sjá sér fært. Jafnvel þó framlögin séu ekki há, þá gera þau gagn. Margt smátt gerir eitt stórt.

Sýnum í verki hve sterk við íslenskir Lionsfélagar raunverulega erum.

Þitt framlag skiptir máli.


Kristinn Hannesson

Lýsum þeim sem ljósið þrá, en lifa í skugga

Blóðsykurmælingar LIONS

Jóhanna Thorsteinsson

Umdæmisstjóri 109 A



Um margra ára skeið hafa lionsklúbbar um land allt ásamt heilsugæslum á hverjum stað staðið fyrir ókeypis blóðsykurmælingum. Þetta gerum við til að vekja athygli fólks á þessum skæða sjúkdómi sykursýkinni. Sykursýki er talin vera faraldur 21. aldarinnar. Talið er að einn af hverjum ellefu gangi með sykursýki og um helmingur þeirra hefur enga hugmynd um það.

Ein öflugasta og um leið ódýrasta forvörn gegn sykursýki eru reglulegar blóðsykurmælingar sem LIONS hreyfingin gengst fyrir ár hvert í nóvember. En dagur sykursýkinnar er 14. nóvember ár hvert.

Það er því ákaflega ánægjulegt að sjá hve vel okkur lionsfélögum hefur gengið við þessar mælingar.

Í lauslegri samantekt sem undirrituð gerði kemur í ljós að mælingum

hefur fjölgað jafnt og þétt frá upphafi. Þegar yfirlit fyrir tímabilið frá 2012-2019 er skoðað, má sjá að við höfum nær þrefaldað fjölda mælinga á þessu sjö ára tímabili. Og eru þá bæði umdæmin talin með.

Á þessu starfsári voru mælingarnar í Umdæmi A 3.165 alls og var þar af 139 vísað til heilsugæslustöðvar/heimilislæknis vegna of hás gildis sykurs í blóðinu en í B Umdæminu voru mælingarnar 2.453 alls og þar af 65 vísað á heilsugæslu eða til heimilislæknis.

Samtals mældum við 5.618 einstaklinga á þessu starfsári og vísuðum 204 einstaklingum til frekari skoðunar á heilsugæslu eða til heimilislæknis. Til hamingju Lions – vel gert!

Minning + Guðrún Atladóttir



Okkur langar til að minnast Guðrúnar Atladóttur sem lést á s.l ári. Guðrún sem gekk til liðs við Lionsklúbbinn Keili á árinu 2011, var virk í störfum fyrir klúbbinn alla tíð og góður liðsmaður. Hennar síðasta embættisverk var að vera síðameistari klúbbsins og stóð hún sig vel í því sem og öðrum störfum.

Það vafðist aldrei fyrir henni að sækja fundi og annað starf á vegum klúbbsins þrátt fyrir að vera búsett í

Grindavík og þurfa að keyra á milli bæjarfélaga.

Helgi Sæmundsson hennar maður og félagi í Lkl. Grindavíkur kom oft með henni þegar eitthvað var um að vera hjá klúbbum og við lítum einnig á Helga sem góðan vin og okkar féлага.

Síðustu skiptin þegar Guðrún treysti sér ekki lengur til að keyra sjálf fylgdi Helgi henni á alla fundi. Við grínudumst oft við hana að nú væri hún komin með einkabílstjóra, það fannst henni ekki leiðinlegt að heyra og brosti við.

Við sjáum á eftir góðum félagi sem við viljum kveðja með virðingu og þökkum fyrir samfylgdina.

Innilegar samúðarkveðjur til Helga, fjölskyldu og vina.

Fh. Lionsklúbbsins Keili í Vogum
Íris Bettý Alfreðsdóttir

LCIF heimsmót í golfi



Í lok febrúar var LCIF heimsmót í golfi haldið í sjöunda sinn. Við fórum, 14 íslenskir Lionsfélagar á mótið, þar af 3 úr Lkl. Víðarri; Guðmundur S. Guðmundsson, Kristinn Guðjónsson og Pétur Már Jónsson, en Kristján Kristjánsson úr Lkl. Tý. Við vissum að formaður LCIF sem nú er Guðrún Björt Yngvadóttir myndi mæta svæðið ásamt eiginmanni sínum Jóni Bjarna Þorsteinssyni og vildum sýna þeim þakklæti og virðingu fyrir störf þeirra í og fyrir alþjóðastjórn Lions með þátttöku okkar.

Mótið var haldið dagana 24. til 29. febrúar s.l. á Montecastillo gólfvelliinum syðst í Andalúsíu, rétt hjá Costa Ballena vellinum, sem margir íslenskir golfarar kannast við. Völlurinn er langur eða um 6100 metrar af gulum teigum, en karlarnir spiluðu af gulum teigum en konur spiluðu af rauðum teigum eins og venjan er eða um 5.200 m. Þetta var í þriðja skiptið sem íslenskir kylfingar sóttu mótið.

Mótið er haldið til fjáröflunar fyrir LCIF og er haldið af Lionsklúbbi í Mijas, sem er rétt hjá Malaga, og er að því best verður séð áhugamál eins félaga þar, Luis Dominguez, sem sjálfur spilar ekki golf. Mótið hefur verið haldið 7 síðustu ár, sennilega ávallt í Andalúsíu. Næst mót verður í lok febrúar á næsta ári og verður haldið á Costa Ballena gólfvelliinum. Það er vel þess virði að fara á mótið, spila golf og hitta lionsfélaga víða úr heiminum.

Alls voru tæplega 40 manns þarna vegna mótsins, flestir lionsfélagar, en nokkrir makar, sem ekki spiluðu. Golfspilarar voru 30. Boðið var upp á ferðir til m.a. til Jerez og Cadiz auk golfsins. Mótið sóttu Lionsfélagar, auk okkar Íslendinganna, frá Finnlandi, Belgíu, Þýskalandi, Austurríki, Ítalíu, Bretlandi, Singapore, Japan og Indónesíu. Golfkunnáttan var af öllum gerðum.

Alls spiluðu 30 manns í mótinu, og var þeim skipt í 3 flokka eftir forgjöf, en keppt var með forgjöf. Allir voru Íslendingarnir í efsta flokki, nema sá sem þetta ritar. Við spiluðum 3 æfingahringi, en svo voru keppnisdagarnir tveir, þ.e. föstudagur og laugardagur. Mótinu lauk svo með veislu á laugardagskvöldið, þar sem verðlaun voru veitt og raunar var líka efnitil happdrættis til fjáröflunar fyrir LCIF. Einnig voru skemmtiatriði.

Skemmst er frá því að segja að Kristinn Guðjónsson úr Lkl. Víðarri vann mótið, og telst því heimsmótsmeistari LCIF þetta árið. Minni sögum fer af afrekum okkar hinna.

Pétur Már Jónsson, Lkl. Víðarri

Munið minningarkort Lions
Falleg minningarkort Lions fánleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu
Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.
EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.

Brottfall nýrra félaga og brostnar væntingar

Jón Gröndal

GAT stjóri



Staðan í dag


Eftir febrúar eru 2072 félagar í hreyfingunni. Við misstum út 87 félagar, 48 í B og 39 í A umdæmi. Inn komu 28 í A og 20 í B. Þannig að í A umdæmi eru nú 1212 félagar og 860 í B. Við misstum út klúbba fyrir norðan sem munar um en voru lengi í dauða teygjunum. Það slær mig alltaf þegar ég skoða brottfallið

hvað margir hafa stoppað stutt í hreyfingunni. Í nýjstu tölunum kemur í ljós að í A umdæmi hafa 39 hætt og þar af 8 innan árs og svo 8 innan tveggja ára eða 41 %. B umdæmi er með 48 út og þar af 4 félagar eftir ár og aðra 5 eftir tvö ár. Það gera um 19 %. Prósentan er lægri í B umdæmi mest vegna þess að þorri þeirra sem hætta eru úr Blönduóss klúbbum og Skagastrandar með langa lions reynslu.

Brostnar væntingar nýrra félaga?

Brottfall hefur verið svipað undanfarin ár. Verið á bilinu 60 – 90 félagar ár ári. Hvers vegna er það? Hvers vegna er svo erfitt að minnka það? Fyrir því eru margar ástæður. Kannski ekki síst að búið er að byggja upp svo miklar væntingar hjá nýja félaganum að venjulegt fundarstarf stendur ekki undir því. Til að ná félagar inn er búið selja honum eitthvað sem ekki stenst í venjulegu starfi klúbbsins. Klúbburinn er kynntur þegar eitthvað skemmtilegt er að gerast sem gefur ekki rétta mynd af reglulegu starfi hans. Af reynslu sem umdæmisstjóri í báðum umdæmum veit ég að fundir eru oftar en ekki leiðinlegir sér í lagi fyrir nýja félagar sem þekkja kannski ekki nóg af félögum.

Starf með mælanda getur þá skipt sköpum. Við framkvæmd fundarins þarf að setja upp dagskrá sem er til þess fallin að laða til fundarins nýtt fólk. Ég minni á rauðakverið sem á að vera til í tösku formanns. Nýir félagar fá án undantekninga, lítið að vita um hreyfinguna og störf hennar innanlands og utan. Helst ekki hvað það kostar að vera í henni. Mikilvægast er að taka vel á móti nýjum félögum. Leiðbeina þeim um starfið og sjá um að þeir mæti á fundina. Ef við vinnum í því að fá félagana til liðs við okkur, klúbburinn sé með áhugaverð verkefni og að á fundunum sé skemmtilegt og vinátta takist, höldum við félögum.



Lionsklúbbur Dalvíkur

Lionsklúbbur Dalvíkur heiðraði þá Kristján Ólafsson og Friðþjóf Þórarinsson fyrir 50 ára farsælt starf fyrir klúbbin.

Tryggvi Kristjánsson



Lionsklúbburinn Sunna Dalvík

Á sameiginlegum árshátíðarfundi Lionsklúbbsins Sunnu Dalvík og Lionsklúbbs Dalvíkur var Tryggvi Kristjánsson beðinn um að veita þeim Hólmfríði Guðrúnu Skúladóttur og Hólmfríði Guðlaugu Jónsdóttur viðurkenningu fyrir 20 ára störf í Lions. Á annari myndinni er Tryggvi Kristjánsson með nöfnunum en hinni er Kristján Ólafsson. Þess má geta að Kristján er búinn að vera 50 ár í lionshreyfingunni. Nöfnurnar tvær eru tengdadætur hans.

Hólmfríður Guðrún Skúladóttir fréttaritari Lionsklúbbsins Sunnu



Borist hafa eftirfarandi framboð í embætti sem kjósa skal um fyrir starfsárið 2020 – 2021



Framboð Björns Guðmundssonar til embættis fjöllumdæmisstjóra starfsárið 2020-2021

Björn er fæddur í Hafnarfirði 25. maí 1972, er með Msc. gráðu í viðskiptafræði, er löggiltur fasteignasali og hefur starfað við fasteignasölu frá því árið 1996, nú sem aðaleigandi Fasteignasölnnar Byggðar á Akureyri. Eiginkona Björns er Sigríður Magnúsdóttir, grunnskólakennari og saman eiga þau tvo syni.

Björn gekk í Lionsklúbbinn Hæng á Akureyri árið 2005, hann hefur verið virkur í starfi klúbbsins frá upphafi og leitt flestar aðalnefndir klúbbsins. Hann var ritari starfsárið 2009-2010 og formaður 2011-2012. Svæðisstjóri á svæði 6 í 109B 2013-2014 og umdæmisstjóri árið 2017-2018. Björn er Melvin Jones félagi.



Framboð Þorkels Cýrussonar til embættis vara fjöllumdæmisstjóra starfsárið 2020-2021

Þorkell Cýrusson býður sig fram til embættis vara fjöllumdæmisstjóra starfsárið 2020-2021.

Þorkell hefur starfað í Lionshreyfingunni frá árinu 1990 þegar hann gekk í Lionsklúbb Nesþinga og færði sig í Lionsklúbb Búðardals starfsárið 2005 og starfar þar enn. Hann hefur gegnt flestum embættum í þessum klúbbum og m.a. verið formaður þrisvar sinnum. Þorkell hefur gegnt mörgum störfum innan umdæmisins sem og fjöllumdæmisins. M.a. var hann 2. vara umdæmisstjóri starfsárið 2011-2012, 1. varaumdæmisstjóri 2012-2013 og umdæmisstjóri 2013-2014. Hann var svo umdæmisritari starfsárið 2018-2019. Þorkell hefur verið ritstjóri Lionsblaðsins frá haustinu 2014 til dagsins í dag eða í bráðum sex ár. Hann er nú svæðisstjóri á svæði 4 í umdæmi

109 B. Þorkell er Melvin Jones félagi.

Þorkell er fæddur og uppalinn á Hellissandi og er sonur hjónanna Cýrusar Danelíussonar og Guðríðar Þorkelsdóttur. Eftir nám flutti Þorkell aftur á Hellissandi og starfaði þar sem grunnskólakennari og síðar aðstoðarskólalastjóri til ársins 2005 þá flutti hann til Búðardals og hefur starfað þar sem aðstoðarskólalastjóri til dagsins í dag. Þorkell er grunnskólakennari að mennt með diplómunám í stjórnun. Eiginkona Þorkels er Sigfríð Andradóttir þjónustufulltrúi hjá Dalabyggð og fráfaramandi umdæmisstjóri 109B. Þau eiga tvö uppkomin börn og eitt barnabarn.



Framboð Guðmundur Helgi Gunnarssonar til embættis fjöllumdæmisritara, starfsárið 2020 - 2021

Guðmundur Helgi fæddist í Reykjavík þann 22. sept. 1947 og er húsasmíðameistari að mennt en fór á eftirlaun sumarið 2018. Guðmundur gekk til liðs við Lionsklúbbinn Fjörgyn vorið 2000 eftir að hafa þekkt vel til Lionshreyfingarinnar í 10 ár.

Í klúbbnum sínum Fjörgyn hefur hann m.a. verið ritari og þrívægis formaður klúbbsins.

Guðmundur Helgi var fræðslustjóri frá 2009 - 2011 og kom að kennslu í ritaraskóla Lionshreyfingarinnar um árabil. Hann hefur starfað í umdæmisstjórnnum beggja umdæma, og var hann umdæmisritari og gjaldkeri starfsárin 2009 - 2011, hann var umdæmisstjóri 109 A 2012 - 2013 og starfsárið 2015 - 2016 gegndi hann gegnt embætti

fjöllumdæmisstjóra og verið fjöllumdæmisritari frá 2016.

Eiginkona Guðmundar Helga er Hrund Hjaltadóttir f.v. grunnskólakennari. Hún er stofnfélagi í *L.kl.* Fold. Hún er fyrrverandi umdæmis- og fjöllumdæmisstjóri.



Framboð Jónasar Yngva Ásgrímssonar til umdæmisstjóra 109A, starfsárið 2020-2021

Lionsklúbburinn Dynkur býður Jónas Yngva Ásgrímsson, félaga okkar, fram til embættis umdæmisstjóra Lionsumdæmis 109A, starfsárið 2020 - 2021. Jónas gekk í Lionsshreyfinguna árið 1984, þegar hann gerðist félagi í Lionsklúbbi Djúpavogs. Þar gegndi hann m.a. starfi ritara í stjórn klúbbsins. Þegar hann flutti frá Djúpavogi árið 1985 tók við all langt tímabil þar sem hann var ekki félagi í Lionsshreyfingunni. Lionsklúbburinn Dynkur var stofnaður í lok mars árið 2014. Jónas sat í undirbúningsnefnd fyrir stofnun klúbbsins og er einn af stofnfélögum. Hann gegndi síðan embætti formanns Dynks starfsárið 2016 - 2017. Jónas hefur ávallt verið virkur félagi í Dynki, unnið í nefndum og verið LCIF fulltrúi í klúbbum. Á vettvangi Lionsumdæmisins 109A hefur Jónas sinnt ýmsum störfum. Hann hefur verið alþjóðafulltrúi 109A, annar varaumdæmisstjóri, starfsárið 2018 - 2019, og varaumdæmisstjóri, starfsárið 2019 - 2020. Jónas er fæddur árið 1963, á Blönduósi, en ólst upp í Reykjavík. Hann er viðskiptafræðingur að mennt og starfar sem ráðgjafi hjá dk hugbúnaði ehf. Meðal annarra starfa sem Jónas hefur sinnt er starf á Endurskoðunarskrifstofu ÞPJ ehf og kennsla hjá NTV, Tölvu- og verkfræðiþjónustunni ehf og Proment ehf, í viðskipta- og tölvugreinum. Jónas hefur margvísleg áhugamál. Þau stærstu er að vera afi, sinna félagsstörfum og spila tónlist. Hans eftirlæti hljóðfæri er Ukulele. Auk þess að vera félagi í Lionsklúbbum Dynki er Jónas líka félagi í Oddfellow stúku nr. 28 Atli. Hann situr einnig í stjórnnum VR á Suðurlandi og Fishersetrinu á Selfossi. Jónas er kvæntur Jóhönnu Lilju Arnardóttur, skólalastjóra Flúðaskóla og eiga þau 3 börn, ásamt 2 barnabörnum.



Framboð Guðjóns Andra Gylfasonar til embættis umdæmisstjóra 109-B, starfsárið 2020-2021

Lionsklúbburinn Hængur hefur samþykkt samhljóða að bjóða félaga klúbbsins, Guðjón Andra Gylfason, fram til að gegna embætti umdæmisstjóra umdæmis 109-B starfsárið 2020 – 2021.

Andri gekk í Lionsshreyfinguna 6. mars 2013, hann var ritari klúbbsins starfsárið 2014-2015, varaformaður 2016-2017 og formaður 2017-2018. Andri hefur verið virkur þátttakandi í nefndum innan klúbbsins m.a. formaður Hængsmótsnefndar, fjáröflunarnefndar og fræðslunefndar. Andri hefur jafnframt verið virkur þátttakandi á umdæmisvísu og var fyrir hönd svæðis sex, búðarstjóri í unglingskiptabúðum Lions MD109 sumarið 2016. Andri var ungmennafulltrúi 2016-2017, umdæmisritari 2017-2018 auk þess sem hann hefur starfað sem GLT-fulltrúi frá starfsárinu 2017-2018 til dagsins í dag. Þá hefur Andri verið einn kennara við leiðtogaskólann síðustu þrjú

starfsár og kennt önnur námskeið á vegum umdæmisins. Á núverandi starfsári hefur Andri starfað sem varaumdæmisstjóri.

Andri er með *M.sc.* gráðu í lífefnafræði auk þess að vera með kennsluréttindi fyrir framhaldsskóla frá Háskólanum á Akureyri. Andri hefur setið Leiðtogaskóla Lions á vegum MD109, en auk þess sótt ALLI (Advanced Lions Leadership Institute) og FDI (Faculty Development Institute) á vegum LCI. Andri hefur sótt nokkur umdæmis- og fjöluumdæmisþing og eitt Alþjóðaþing. Starfsárið 2017 - 2018 og 2018 - 2019 var Andra veitt viðurkenning (Leadership medal) Alþjóðaforseta fyrir störf sín sem GLT-fulltrúi og er Andri Melvin Jones félagi.

Andri starfar sem menntaskólakennari við Menntaskólann á Akureyri. Andri á tvær dætur, Emilíu Fönn sem starfar sem hjúkrunarfræðingur á SAK og Andreu Ösp meistarnema í mannauðsstjórnun auk tveggja afabarna



Framboð Önnu Fr. Blöndal til fyrsta vara umdæmisstjóra 109B, starfsárið 2020-2021

Lionsklúbburinn Ylfa býður fram Önnu Fr. Blöndal í embætti fyrsta vara umdæmisstjóra starfsárið 2020 – 2021. Anna hefur verið Lionsfélagi síðan 2014. Hún var gjaldkeri Ylfu starfsárið 2016 – 2017, varaformaður starfsárið 2017 – 2018 og er formaður klúbbsins starfsárið 2018 – 2019. Anna hefur verið fulltrúi í GMT konur í Lions frá 2017. Hún var annar varaumdæmisstjóri umdæmis 109B starfsárið 2019-2020 ásamt því að vera umdæmisgjaldkeri. Anna hefur tekið virkan þátt í starfi klúbbsins og þeim verkefnum sem klúbburinn hefur unnið að og verkefnum hreyfingarinnar á landsvísi. Anna er tækniteknari frá Iðnskólanum á Akureyri 1975 og lýsingarhönnuður frá Tækniskólanum 2012. Anna hefur unnið á Verkfræðistofunni Raftákni á Akureyri frá 1984.



Framboð Írisar Bettý Alfreðsdóttir til embættis 2. varaumdæmisstjóra, starfsárið 2020 – 2021

Fyrir hönd Lionsklúbbsins Keili tilkynni ég að við bjóðum fram Íris Bettý Alfreðsdóttur til embættis 2. varaumdæmisstjóra í umdæmi 109 A, starfsárið 2020 – 2021.

Íris Bettý Alfreðsdóttir hefur verið lionsfélagi frá árinu 2014. Hún hefur gegnt ýmsum störfum innan klúbbsins, m.a verið formaður þrisvar sinnum. Íris var ritari svæðisstjóra á svæði 5, starfsárið 2019-2020.



Framboð Þóru Bjarneyjar Guðmundsdóttur til embættis vara umdæmisstjóra 109 A, starfsárið 2020-2021

Lionsklúbburinn Eir býður fram félagi sinn, Þóra Bjarney Guðmundsdóttir, til embættis varaumdæmisstjóra 109 A starfsárið 2020 – 2021.

Þóra Bjarney gekk í Lionshreyfinguna 13. febrúar 2006 í lionsklúbbinn Ýr í Kópavogi, hún gekk til liðs við Lionsklúbbinn Eir 5. febrúar 2018.

Þóra Bjarney hefur gengt ýmsum störfum innan Lionshreyfingarinnar, m.a. verið ritari, formaður, svæðisstjóri og verið virk í nefndum auk margra annara verkefna. Var annar varaumdæmisstjóri 2019- 2020.

Frá Lionsklúbbum Hrærek



29.2 2020 Gunnar Árni Jónsson formaður ávarpar afmælisgesti.

Nýr fundarhamar. Á lionsfundi 11. febrúar síðastliðinn afhendi Hannes Halldórsson félagi okkar í klúbbum nýjan fundarhamar af gjöf sem hann hafði smíðað sjálfur, hamarinn er settur saman af Búrhalstönn og skeftið er úr Íbenholt viði, þetta er mjög flottur gripur og var Hannesi þakkað vel fyrir, á myndinn er Bragi Ólafsson formaður að taka við gripnum úr hendi Hannesar. Gamli fundarhamarinn glataðist fyrir einhverjum mánuðum



Aftending hjartastuðsækis - Gunnar Árni formaður Lk. Hræreks Hjörðís Jóna Bóasdóttir deildarstjóri í Árskógi og frá kvenfélaginu Hvöt, Kolbrún Guðmundsdóttir formaður og Þórunn Andrésdóttir.

Jón Páll Ásgeirsson
Lionsklúbb Seltjarnanes



Lionsklúbbur Hafnarfjarðar og eldri borgarar

Um áraðir eða allar götur frá 1975 hefur verið samvinna á milli Félags eldri borgara í Hafnarfirði og LkH, sem upphaflega var fólgin í því að félagar sáu um eina dagskrá á hverjum vetri fyrir gamla fólkið eins og segir í einni fundargerð klúbbsins. Í annari fundargerð er þess getið að árið 1978 var þeirri hugmynd hreyft á fundi hvort ekki væri framkvæmanlegt að bjóða gamla fólkinu til kvöldverðar og skemmtiatriða á fundi í klúbbnum. Varð úr að stjórnin lagði til að skemmtunin færi fram að kvöldlagi með skemmtiatriðum, kaffidrykkju og dansi eftir harmonikkumúsík. Þess er getið í gömlum fundargerðum að kvöldvökur með þessu móti hafi mælst mjög vel fyrir, sem marka mátti af því að meðalfjöldi gesta á þessum samkomum hafi verið um eitt hundrað. Þessi siður er enn viðhafður í dag með svipuðu sniði, nema nú er hljómsveit sem leikur fyrir dansi og verktaki sem sér um veitingar. Áður svignuðu borð undan gómsætum kökum sem eiginkonur lionsmanna höfðu bakað og borið fram. Við höldum þessum sið áfram og buðum eldri borgurum til veislu í febrúar síðastliðnum, það gekk þó ekki í þetta sinn þar sem skollin var á stórhrið og skemmtun frestað um eina viku og aftur frestað um óákveðinn tíma vegna smithættu af kórónuveikinni sem þá var í byrjun. Göngubretti verður afhent Hrafnistu í Hafnarfirði við fyrsta tækifæri, en það er eitt stærsta öldrunarheimili landsins og eitt af fimm heimilum sem Hrafnista starfrækir. Á Hrafnistu sem tekin var í notkun 1977 er að finna fjölbreytta þjónustu sem hentar öldruðum afar vel. Síðan Hrafnista tók til starfa höfum við félagarnir lagt lóð á vogaskálar með gjöfum á ýmsum tækjum sem komið hafa íbúum til góða og munum við halda því áfram eftir þörfum. Góður gestur kom í heimsókn í janúar, sjóntækjafraeðingurinn Kristín Gunnarsdóttir sem hefur starfað við Þjónustu og þekkingamiðstöð fyrir blinda og sjónskerta á fjórða áratug. Hún sagði frá og sýndi okkur myndir frá ferðum sem hún hefur farið á síðustu árum til þróunarlanda, fyrst á eigin vegum en nú á vegum sænskra samtaka sem heita Vision For All. Það er orðin hefð hjá okkur í klúbbnum að dæma í Boccía – keppni sem Íþróttafélagið Fjörður heldur árlega á þessum tíma, Fjörður er Íþróttafélag fjölfatlaðra í Hafnarfirði og ríkti mikill fögnuður og keppnisandi hjá keppnisliðum á þessu skemmtilega móti. Búið er að afboða alla fundi hjá klúbbnum um óákveðinn tíma vegna kórónaveirunnar sem gerir vetrarstarfið frekar endasleppt en vonandi næst lokafundur fyrir sumarið. Nú er að bíða og vona að þessi vággestur sem á okkur herjar, hverfi á braut sem allra fyrst og að landsmenn komi heilir og ósárir frá. Bestu kveðjur frá Lionsklúbbi Hafnarfjarðar og farið vel með ykkur.

Friðgeir H. Guðmundsson, blaðafulltrúi



Magnús formaður, Kristín Gunnarsdóttir og Magnús Ingjaldsson.



Boccía dómarrar: Kristinn, Magnús, Haraldur, Birgir, Ellert, Gísli, Yngvar, Friðgeir og Guðjón.



Klúbbfélagar á góðum vordegi.